

# FRAMTÍÐ MANNKYNSINS

## *Formáli*

Menn munu skilja betur margt af því, sem nú er að gerast á jörðu hér, ef þeir lesa með athygli ritgerð þá um framtíð mannkynsins sem hér kemur. Orð þau sem hér fara á eftir gera ritgerðina auðskildari.

Það er aðalhugsun í heimsfræði, að verðandistefnurnar eru tvær. Hina góðu stefnu má kalla það, og hina illu, líf-stefnuna og helstefnuna, guðríkisstefnuna og vísisstefnuna. Eða the gimlic line of evolution og the infernal line of evolution. Eða diexelixis og dysexelixis. Exelixis er á grísku sama sem evolution; diexelixis sú framvinda sem er sönn framför, ávallt aukandi samstilling allra krafta, alfremd lífsins. Dysexelixis er sú framvinda, sem ekki er sönn framför, rás viðburðanna eins og hún er í helvíti, stefna hinnar vaxandi þjáningar. Helvíti er staður, þar sem er þjáðst og dáíð. En guðsríki er félag lifandi vera sem er alltaf að fara fram, verður ávallt fullkomnara og fullkomnara. Að koma viti og vísindum í þessi fornu trúarbragðaorð, er býsna vanþakklátt starf fyrst í stað, en þó ekki þýðingarlaust, eins og menn munu komast að raun um síðar meir.

Breyta má stefnunni frá dysexelixis til diexelixis. Eða, með öðrum orðum, menn geta horfið frá illu stefnunni til hinnar góðu, og af slíku hafa risið vonir þær um komu „mikils kennara“, sem mikið hafa gert vart við sig á jörðu hér, á ýmsum tímum. Hefir þar viljað kenna mikils misskilnings, eins og í öllu því sem menn hafa gert sér af trúarbrögð, og yfirleitt hafa menn reynst illa þeim, sem helst hefðu getað unnið að slíkri breytingu, sumum þeirra jafnvel verr en

nokkrum mönnum öðrum. Hefir því alltaf viljað sækja í sama horfið, og hefir, ef satt skal segja, aldrei helvitlegar horft á jörðu hér en nú, ef mest skyldi marka það sem mest ber á. En minnst má þess, að undir morgun er kaldast.

## I

Saga lífsins á jörðu hér er afarlöng orðin, þegar mannkynið kemur fram, þannig að apar fara að eiga menn fyrir niðja. Þarf það ekki að efa, að mannkynið er vaxið upp úr dýraríkinu, og án þess að átta sig á þessu aðalatriði, er ekki unnt að skilja tilgang lífsins. Þarf í þessu sambandi ekki að taka til greina söguna af Adam og Evu, eða þá um Ask og Emblu.

Þó að mannkynið komi mjög seint til sögunnar, þegar miðað er við allan þann tíma sem lifandi verur hafa uppi verið á jörðu hér, þá er saga þess, þegar miðað er við mannsævina, furðulega löng orðin, sennilega svo að hundruðum árabúsunda skiftir. Aftur á móti er það mjög ólíklegt að aldur mannkynsins skipti milljónum ára.

Mennirnir voru í fyrstu sennilega ekki hvítir, og virðast jafnvel líkur til þess, að meiri hlutann af þeim tíma, sem mannkynið hefir uppi verið, hafi ekki verið til hvítir menn. Hvítir menn hafa, ef til vill, ekki verið til á jörðu hér í hundrað þúsund ár. Hið hvíta mankyn fjarlægðist forfeður sína apana ennþá meir en lituðu mennirnir, og þar er toppur mannkynsins, er svo mætti kalla, eða sá anginn, sem lengst hefir seilst upp. Toppur mannkynsins var, að því er ég hygg, fólk það, sem segir af í Norðurlandasögu Snorra og Íslendingasögum, Ótryggur, þessi Baldur Íslendinga, sem Þangbrandur drap og Íslendingar með honum, Gunnar á Hlíðar-enda og fleiri; Rauður hinn rammi og fleiri ágætir Norðmenn; Rögnvaldur Brúsason; en í Svíþjóð Þorgnýr Þorgnýsson, Þorgnýssonar, og fleiri. Og svo náttúrlega það kvenfólk sem þessu svaraði. En í Eddukviðunum og goðasögum Snorra segir frá fyrirmyndum og frændum þessa fyrirfólks jarðar vorrar á öðrum hnetti. Ríður mikið á því að það skiljist að hér er ekki verið að fara með neina markleysu, þó að

hvorki viti þetta apar né svertingjar.

Þó að vér hefðum engar menjar þessa fólks, sem ég hefi minnst á, aðrar en málið, þá mundi það nægja til þess að sýna, að vaxtarbroddur mannkynsins hefir verið á Norðurlöndum. Hér á mjög vel við að nota þetta orðtæki úr líf-fræðinni. Norræn málfræði og fleira norrænt mun komast til meiri vegs og virðingar og verða að meiri notum en nú er, þegar menn fara að veita því athygli, sem hér er verið að vekja eftirtekt á. Vísindamenn á Norðurlöndum hafa ekki haft nægilega góðar ástæður til þess að átta sig á þessum efnum ennþá. En á Norðurlöndum verður að átta sig á þessu fyrst, og meira að segja á Íslandi, þar sem erfiðast er þó að vera vísindamaður. Ekki munu Indverjar gera það, þó að þeir eigi þetta stórmerkilega forn-mál, sem nefnt er Sanskrit. Og ekki Englendingar. Er á Englandi að vísu sumt hið fyrir-mannlegasta fólk jarðarinnar, eða var að minnsta kosti. En vísindi eru þar ekki metin sem skyldi, og því síður vísindamenn. Og ensk tunga hefir tekið þeim stakkaskiftum síðan á dögum hins foldgnáa Aðalsteins, að þetta fjöltalaðasta mál hvítra manna má að hljóðstöfum fremur kallast semítískt mál en arískt. Og eigi eingöngu að hljóðstöfum. Það er þetta, og það stríð, sem á sér stað í ensku milli hins aríska og hins semítiska, sem gerir oss framburð enskrar tungu svo erfiðan.

## II

Náttúrufræðingum er sú hugsun töm, að líftegundir hætti að vera til, deyi burt með öllu af jörðu hér. Langmestur hluti þeirra dýra- og jurtategunda, sem verið hafa á jörðu hér, er liðinn undir lok, og mjög margar án þess að eiga sér niðja í breyttum tegundum. Líftegundirnar hafa átt sínar upp-gangsaldir, blómaaldir og hnignunaraldir, þegar komið var á glötunarveg.

Undirbúningurinn undir mannkynið hefir verið langur og torsóttur. Erfiðlega veitti því að vaxa upp úr dýraríkinu, og erfið hefir saga þess verið. Og það er kominn haustblær á líf jarðar vorrar, án þess að nokkurn tíma hafi sumrað.

Nokkra verulega blómaöld hefir mannkynið aldrei átt. Ef vér ihugum mannkynssöguna sjáum vér, að jafnvel þær menningartilraunir, sem best horfðu, hafa verið næsta ófullkomnar. Og allar hafa þær strandað. Eitthvert glæsilegasta mannfélag á jörðu hér var hið gríska borgfélag (polis), sem í Aþenuborg náði sinni fegurstu mynd. En þó voru þar slæmir gallar á. Velferð einstaklingsins var þar of lítills metin, og greind og menntun komst ekki á það stig, að menn skildu hverjir voru þar vitrastir menn og þeir sem mestu góðu hefðu getað til leiðar komið, ef menn hefðu verið þeim samtaka. Ég kom til Aþenuborgar, segir Demokritos, og enginn þekkti mig þar. Grikkland þekkti ekki sína merkilegustu menn. Jafnvel ekki Grikkland. Á þessu var það, sem hin gríska mannfélagstilraun strandaði fremur öllu öðru. Og á þessu sama hafa allar aðrar mannfélagstilraunir strandað. Um rómverska menningu fór líkt og um gríska. Og enn má segja líkt um hina norrænu mannfélagstilraun. En þó er nokkur munur. Hin fögru forn-mál, grískan og latínan, liðu undir lok, en hið valda lið, sem fór að byggja Ísland, þegar hnignunaröld Noregs hefst með ofríki Haralds hárfagra, bjargaði því forn-málinu, sem merkilegast er. Þar falst vonarneistinn.

### III

Þetta, sem sagt var, að tilraunirnar til að koma á fullkomnu mannfélagi mistakast, að hin fullkomnari tungumál líða undir lok, og að jafnvel þær manntegundir, sem skapað hafa þessi tungumál, eru að hverfa, sýnir alveg ótvíræðlega á hvaða leið mannkynið er. Og enn mætti nefna hinar erfiðu fæðingar hvíttra kvenna. Ef til vill stafa þær að ekki litlu leyti af því, að dregið hefir úr vaxtarþroska hins hvíta mannkyns, en minnst þó á fósturskeiðinu; fóstrið verður því stærra en svo að hæfi vexti móðurinnar. Og hvað sem þessu líður, þá eru hinar erfiðu fæðingar ekki framfaramerki.

Saga mannkynsins er saga vaxandi ófagnaðar. Þó að lengra kunni að verða milli eljanna, þá eru élin þeim mun verri. Og þegar vér höfum áttað oss á því, að framvindu-

stefnurnar eru tvær, og að það er Vítisstefnan, dysexelíxís, sem ræður á jörðu hér, þá getum vér sagt með fullkominni vissu, að ef ekki verður stefnunni breytt, þá sé í vændum ennþá skelfilegri vargöld en sú sem nú hefir gengið yfir, og ennþá stórvirkari að eyða framsókn hins hvíta mannkyns. Styrjöldin með eftirköstum er sjúkdómseinkenni, og það sýnir hversu lítinn skilning menn hafa á mannkynssögunni, að margir skuli ímynda sér að slík umbrot séu nauðsynleg til framfara. Það er líkt og að halda að það sé mönnum nauðsynlegt til framfara að fá taugaveiki (tyfus) eða kóleru. Þessi gangur sögunnar, sem vér sjáum, er einmitt eins og búast má við um mannkyn, sem er á glötunarvegi. Þar sem mest ætti að vera framförin, þar eru athafnirnar ferlegastar og fáráðlegastar. Það er við því að búast, þegar illa fer, að hið hvíta mannkyn, sem kom síðast fram, hverfi fyrst, og að þau tilbrigði hins hvíta mannkyns, sem helst hafa verið í áttina til fullkomnunar, líði fyrst undir lok, og tungumál þeirra með þeim.

Það sem gerist með „sköpun“ mannkynsins, er að fram kemur dýrategund, sem fer að reyna að átta sig á tilverunni og ásetur sér að breyta náttúrunni eftir sínum þörfum. Þeir menn, sem þessi hvöt kemur helst fram hjá fyrst, verða smiðir. Smiðurinn er fyrsti framfaramaðurinn á jörðu hér. En niðjar smiðsins eru vísindamennirnir og heimspekingarnir. Nú er það eitt af því, sem allraeftirtektarverðast er í mannkynssögunni, þó að því hafi ekki verið veitt mikil eftirtekt hjá því sem vert hefði verið, hversu illa menn hafa skilið þessa niðja smiðsins, sem stefndu áfram, hugsuðu á framfaraleið, og hversu illa menn hafa verið þeim samtaka. Þetta er eitt af aðaleinkennum Vítisstefnunnar, dysexelíxís. Oft hefir verið haldið, að þess konar menn væru ekki annað en sérvitringar, sem ynnu minna gagn í mannlegu félagi en aðrir; stundum hafa þeir verið beinlínis ofsóttir og settir í varðhald og drepnir. Og eins og áður var vikið á, þá er þarna bent á aðalorsök þess, að mannkynið hefir ekki komist á rétta framfarabraut og að saga þess er saga vaxandi ófagnaðar. Enn fremur ber þess að gæta, að auk þess sem vitring-

arnir, eða þeir sem vitringar hefðu getað orðið, urðu miklu þroskaminni og afkastaminni, sakir þess hve menn voru þeim illa samtaka og óhollir í hugsun og framkvæmd, þá hafa menn heldur ekki eftir þeirra dag notað sér til fulls það sem þeim hafði þó auðnast að afkasta. Platón heldur ekki áfram af Empedokles, þar sem sá spekingur stefndi best, og því fer mjög fjarri að Aristoteles noti sér eða skilji það sem Anaxagoras og Demokritos höfðu best hugsað á framfaraveg. Hér um bil 2000 ár líða, áður en Brúnó heldur áfram af Demokritos, og þó ekki alveg. Og það sem merkilegast var í hugsunum Brúnós, er mannkynið ennþá ekki farið að nota sér eða skilja til fulls. Í slíku lýsir sér glögglega, hversu fjarri fer því, að hin rétta stefna fram hafi ennþá verið tekin á jörðu hér.

## V

Næsta furðulegar skepnur hefir jörð vor fóstrað, flugdýr sem voru 11 álnir að vængjabreidd og landdýr, stór sem hvali. En það er óhætt að fullyrða, að dýr þessi hafi aldauda orðið, án þess nokkurn tíma kæmi nokkru þeirra til hugar, að tegundin væri á glötunarvegi. Um veru sem farin er að hugsa, eins og maðurinn, er öðru máli að gegna. Hugsandi vera gæti áttað sig á því, að tegundin væri ekki á réttri leið, heldur einmitt á glötunarvegi. Og hvar í deyjandi mannkyni mundi sú hugsun koma fram? Alveg ófæð einhverstaðar í hinum visnandi toppi mannkynsins. Hottentottarnir mundu ekki hugsa þessa hugsun, og heldur ekki Zuluarnir, svo miklir sem þeir eru að vallarsýn og sterklegir. Og meðal hvíttra manna yrði það enginn af hershöfðingjunum, stjórn-málamönnunum, kirkjunnar mönnum, stórgróðamönnunum, eða neinum af þeim, sem hafa fylgi fjöldans, sem fyndi þessi áriðandi sannindi. Öll líkindi eru til að sá sem fyrst áttaði sig á þessu, mundi verða maður, sem eftir megni hefði varið ævi sinni til náms og rannsókna, og að hann mundi einmitt vera þeirrar þjóðar, sem varðveitt hefði hið fullkomnasta mál.

Þar sem framsóknin hefði verið öflugust á jörðu hér, ef

hinni góðu stefnu, diexelixis, hefði náð verið, þar er nú þroskalítill smáþjóð, sem nálægt takmörkum hins byggilega heims hefir háð erfiða baráttu fyrir lífinu, og auðveldlega látið telja sér trú um, að til væru útvaldari þjóðir. Saga Íslendinga og öll þessi útsókn hins norræna kyns er stórum merkilegri en menn hafa haldið. Við sjálft lá, að Íslendingar hefðu byggt, fyrstir hvítra manna, hin miklu framtíðarlönd Vesturheims. Það er býsna eftirtektarvert þetta, hvað það er, sem Íslendingar hafa reynt, þó að tilraunirnar tækjust ekki. Englendingar og Frakkar, að nokkru leyti af norrænum ættum, gerðu það sem Íslendingum hafði ekki auðnast að gera. Og í Vesturheimi er nú framsókn hins hvíta mannkyns öflugust. New York má nú heita höfuðborg jarðarinnar fremur en nokkur önnur. En samt er ekki til sigurs stefnt. Málið hefir spillst mjög, eins og áður er á vikið, það eitt nægir til að sýna að ekki er sigurvænlega sótt fram; og yfir vofir, auk rauðu hættunnar, svarta hættan, og hin gula. Tíundi hver maður í Bandaríkjunum er Svertingi, og þar eð Svertingjum fjölgar þar mest, er auðsjáanlegt að ef sömu stefnu er haldið, þá verður þar ekki hvítt ríki, heldur svart, þegar aldir líða. En gula hættan er þó nær. Eins og það sem framsæknast var hins hvíta mannkyns, hafði sótt vestur til hafsins og norður, þannig sóttu þeir, sem þróttmestir voru af gulum mönnum, austur að hafinu mikla og fóru út í eyjar þær fyrir Asíuströndum, sem þeir kalla nú Japan og land hinnar upprennandi sólar. Sól hafa þeir í fána sínum, Japanar, og geislandi mjög. Minnir eyríki þetta, fyrir austan Evrasíu, eigi lítið á eyríkið breska fyrir vestan, og margt það í bresku þjóðskipulagi, sem norrænt er að uppruna, á sér eitthvað líkt í Japan. Englendingar og aðrir Norðurálfumenn urðu fyrri til að nema Vesturheim, en þó standa hugir Japana mjög til framtíðarlandanna miklu, og nú horfa þeir yfir hafið, gulir menn og hvítir, og er grunur minn að eigi muni þeir lengi mundast til úr þessu, verði eigi breytingin sú, sem minnst var á. Margt ber til, að það er ekki tvísýnt, hvorum megin sigurinn mundi verða, ef til ófriðar kæmi. Yfir Japönum vofir engin svört hætta heima fyrir, og þar er

ekki um þess háttar vísun að ræða, sem komin er í hið hvíta mannkyn. Engin þjóð á jörðu hér mun vera eins samhuga og Japanar, engin eins sannfærð um að sér sé forusta mannkynsins ætluð. (Gegnir það furðu, að hvítir menn skuli ekki hafa gefið meiri gaum að japönskum bókmenntum þessi síðustu ár en tímarit þau, sem ég hefi átt kost á að sjá, bera vott um). Og enn ber þess að gæta, að það eru ekki litlar líkur til þess, að Bretar mundu verða Japana megin í hinni ferlegu styrjöld. Sýnir slíkt hversu illa stefnir fyrir hinu hvíta mannkyni.

## VII

Hinni illu stefnu mun ekki verða haldið uns í fossinn er komið. Það mun verða sem menn varði síst. Þar sem framsóknin hefði verið öflugust á jörðu hér, ef vel hefði vegnað, þar sem er á erfiðri úteyju, hálfgerður kalkvistur á meiði mannkynsins, þar verða hugsaðar þær hugsanir, sem munu bjarga. Þar eru jafnvel nú hugsaðar sumar þær hugsanir, sem munu bjarga. Að vísu er það eftir, sem erfiðast er, að fá menn til þess að koma auga á þessar hugsanir, hugsa þær með, halda þar áfram. En þó mun því framgengt verða. Og þó að nokkuð sé úr annarri átt, þá vil ég minnst á það, sem mér þykir vel fyrir boða um íslenska endurreisn, og meir en endurreisn, því að Íslendingar verða að vera forfeðrunum framar, ef duga skal. Traustsverðar heimildir höfum vér fyrir því, að á 10., 11., 12. og 13. öld urðu Íslendingar fremstir á Norðurlöndum, eigi einungis að mannþekkingu, mál-snilld og skáldskap, heldur einnig að fræknleik. Og ef vér gætum nógu vel, að, þá sýnir sjálft málið, að hér voru heilarnir sterkastir. En engri þjóð hefir farið eins aftur líkamlega síðan um 1600 eins og oss Íslendingum. Vilji menn sjá að svo er, þá þurfa þeir ekki annað en að gæta að þeim framförum, sem þó hafa orðið í þeim efnunum, síðustu 40-50 árin, síðan fór að verða kostur betri brauðmatar, og húsa-kynni og aðrar heilbrigðisástæður löguðust dálítið. Menn munu skilja hvers vegna manni, sem áratugum saman hefir aðgætnu auga virt fyrir sér Íslendinga (og vissulega ekki gert



það eingöngu að gamni sínu, að dvelja hér, þar sem vísindamaður og rithöfundur, jafnvel þó að í fremstu röð væri, verður að lifa við minni velgengni og virðingu en víðasthvar annarstaðar á jörðu vorri), hvers vegna slíkum manni finnst mikið um, þegar hann sér forníslenska orku endurrísa. Og nú vill svo til, að sá maður, sem helst hefir hrundið á stað endurreisn íslenskra íþróttar, maður sem virðist vera í ætt við Gretti Ásmundarson, þó að meiri gæfumaður sé, og svipa til hans um vaxtarlag, orku og skaplyndi, hefir reynt sig við japanska glímumenn og borið hærra hlut. Líkamsmenntun hefir verið stunduð í Japan þúsundum ára saman, og féll síst niður eins og hér á Íslandi, og glíman þeirra er fornfræg.

## VIII

En þó að mér þyki þetta, sem sagt var, eins og ekki óskemmtilegur fyrirboði, þá ræðir hér ekki um að sigra eða leggja að velli á nokkurn hátt. Þjargráðin eru þessi, að fundin eru þau sannindi, sem sýna að allt mannkynið verður að leitast við að vera samtaka. Þegar menn komast á leið hinnar nýju líffræði, munu þeir reyna að forðast fjandskap og ófrið, ekki síður en banvænustu sýkla. Sambandið við fullkomnari verur á öðrum hnöttum mun bæta svo greind manna, að orsakir styrjalda munu liggja opnar fyrir; en þær virðast nú huldar mönnum að mestu, eftir því sem ritað er og látið. Tilgangur lífsins mun verða mönnum ljós, og menn munu glöggt skilja hversu dýrðlegt takmark er framundan, ef tekin er hin rétta stefnan. Og hins vegar munu þeir sjá, svo að ekki þurfi að efa, hversu ferlegt bíður á leiðinni, ef hin illa stefna ræður. Á þeirri leið liggur ekki annað fyrir en farast aftur og aftur. Diixelixis er lífsins leið, leiðin til ávallt fullkomnara lífs. Dysexelixis er sú viðleitni á að lifa, sem alltaf lendir í þjáningum og endar á dauða. Á þeirri leið munu menn fá að reyna allar þjáningar, sem orðið geta, og hvern þann dauðdaga, sem orðið getur. Menn munu sjálf-sagt halda að þetta sé sagt af trú, en það er sagt af skilningi. Þegar menn hafa fundið það sem ég hefi nefnt hið mikla samband og hinar tvær stefnur, þá er þetta ljóst. Og þegar

menn hafa náð þeim skilningi, mun þeim verða hinn mesti hugur á að hverfa frá hinni illu stefnu, fjandskaparstefnunni. En hvað sem þessu líður, þá er það fengið með skilningnum á því, að framsóknarstefnurnar eru tvær, að það má, þar sem dysexelíxís ræður, stefna hinnar vaxandi þjáningar, vita vísa von stærri og stærri styrjalda og hörmunga, uns dvínandi þróttur heftir „framfarirnar“ í þeim efnunum.

## IX

Vaxandi samstilling, vaxandi samtök eru framfaraskilyrði lífsins. Lifandi verur, sem eru aðeins ein fruma, einfrumungur eða fyrstlingur, eru mjög ófullkomnar hjá þeim, sem samvaxnar eru af mörgum frumum, fjölfrumungunum. Það þarf að skilja þetta áfram, skilja hvernig fjölfrumungarnir geta, fyrir lífstarfsíleiddsluna, bioinduktionina, orðið að einni lífheild, þó að hver einstaklingur haldi áfram að fullkomnast sem einstaklingur. Þegar þetta er vitað, þá er komið á hina réttu braut. Þá fer að takast þessi viðleitni til þjóðfélags og mannfélags, sem hefir verið svo ófullkomin, og jafnvel umhverfst þannig, að hún varð til þess að eyðileggja einstaklinga og þjóðir, eða hefta þroska þeirra. Þegar þetta verður vitað, þá fer að vora á jörðu hér að hinu mikla sumri, þó að svo lengi hafi dregist, að óvænlega horfði. Þá munu allar hvítar þjóðir kappkosta að verða samtaka, og skilja miklu gjör en nú, hversu ber að reyna að ná stjórn á öflum náttúrunnar, og hversu þar er vits þörf og hugrekkis ekki síður en á morðöldum, og þó miklu betri leið til að æfa slíkt. Og þá munu hvítir menn læra að líta öðrum augum hina lituðu frændur sína, og sjá hversu þeir verða að styðja að framsókn þeirra, ef þeir vilja ekki brjóta á móti tilgangi lífsins. Og hvítir menn munu sjá, að hinir lituðu frændur þeirra eru þeim þó að sumu leyti fremri, svo að félagsskapurinn er einnig hvíttra manna vegna nauðsynlegur, og getur orðið öllum til góðs. Og ekki mun þeim verða gleymt, sem á útjöðrum hins byggilega heims hafa áunnið eitthvað merkilegt, ekki hinu móleita og svarthærða kyni, sem með ísa- og snjóamenningu sinni hefir greitt mönnum leið til

rannsóknna á klakasvæðum jarðar, og ekki Íslendingum, sem lifðu þó af í erfiðasta landbúnaðarlandi jarðarinnar, og varðveittu það tungumál, er síst allra mátti líða undir lok. Alveg sérstök eftirtekt verður eðlilega veitt hinni litlu þjóð, sem er þar sem öflugast hefði verið framsókn mannkynsins, ef hin góða stefna hefði ráðið. Alveg sérstök eftirtekt verður veitt hinum hálfkulnaða kvisti sem er þar sem gæti verið sú greinin sem öflugast sækti í sig geislaþróttinn frá upptökum lífsins, til eflingar öllum meiði mannkynsins. Hinum stærri frændþjóðum vorum mun verða sérstök ánægja að styðja að því meðan stuðnings þarf, að Ísland, sem hefir verið oss svo ofjökla og ofgrjóta, verði eins byggilegt og mannlegur kraftur getur gert það, og fagurt af allri sinni fegurð. Og það verður gaman að líta yfir þessa þjóð, þegar fargi vetrarins léttir af, og vorið er loksins komið. Jónas Hallgrímsson, er flestum fegur hefir sýnt, hversu merkilegir hæfileikar leynast með þessari þjóð hefir órað fyrir því að svo mundi verða:

Veit þá engi, að eyjan hvíta  
á sér enn vor, ef fólkíð þorir.

Það sem fólkíð þarf að þora, er að skilja hið sérstaka hlutverk, sem þessari þjóð er ætlað, læra að þekkja sjálfst sig, læra að meta örðugleikana, sem við hefir verið að stríða, læra að sjá hvílíkt fyrirheiti felst í því, sem þó hefir áunnist þrátt fyrir vetrarfargið. Mikið af íslenskri ósjálfstæðislítisvirðingu á Íslendingum mun hverfa, þegar menn skilja betur, hversu erfitt hefir verið að verða hér að manni. Og áhuginn á að mannast mun verða mikill, þegar ástæður batna og orkan vex.

Morgunblaðið, 27. og 30. júlí 1919.